

C**Q****T****F**

5. tbl
18. árg
desember
2000



Frá heimsókn Ole Garpestad, LA2RR til TF3IRA. Frá vinstri eru TF3FK, TF3AS, TF3AO, LA2RR, TF3TXT, TF3HP, TF3BM, TF3TNT, TF3A, G0IAW og TF3VGT. Myndina tók TF3KB

Í þessu blaði:

Frá Ritstjóra	2
Frá formanni	3
Fundargerðir stjórnarfunda	4
Keppni/Contest	5
Gervitungl	6
Frá gjaldkera.....	7
Noregsfréttir	7
Að láta draumin rætast	8
QRP Túnfiskdós	10
Hugleiðingar um áhugamálið	11
JOTA 2000	12
Nokkrar þumalputtareglur um loftnet	13
Í þá gömlu góðu daga	14
Úr ýmsum áttum.....	15

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innan lands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Órva radióíþróttir meðal radióamatöra.
- Próa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1999-2000 eru:

Formaður: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaformaður: Bjarni Sverrisson TF3GB
Ritari: Vilhjálmur Í Sigurjónsson TF3VS
Gjaldkeri: Guðjón H. Egilsson TF3WOT
Meðstjórnandi: Heimir S. Jónsson TF3TXT
Varamaður: Friðrik Kristjánsson TF3FK
Varamaður: Halldór Christensen TF3GC

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Utgefandi er: Íslenskir Radióamatórar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í félagsmiðstöðinni Próttheimum, Holtavegi 11, Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Símanúmer talhólf ÍRA er 881-2158.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni: <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> og er það að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradíó

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar.

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Eins og þeir, sem hafa farið inn á Vefsíðu ÍRA hafa tekið eftir þá hefur verið reynt að halda þar úti síðu sem kallast hefur "Nýjstu fréttir af starfsemi ÍRA". Í upphafi gekk þetta þokkalega og félagar voru nokkuð duglegir við að senda inn tilkynningar um hvaðeina sem á döfinni var og var það síðan birt jafnharðan á fréttasíðunni. Nú er þó svo komið að áhugi fyrir þessu er algerlega horfinn og mánuðir liðnir síðan einhver sá ástæðu til

að senda frá sér eitthvað sem ætti heima á þessari síðu. Ef ekki verður breyting á þessu í nánustu framtíð þá verður þessi síða lögð niður fyrirpart ársins 2001.

Aðeins hefur rofað til í efnisöflun fyrir blaðið okkar. Fjórir aðilar hafa tekið að sér að skrifa fastar síður í blaðið. Þetta eru þeir TF3MLT sem ætlar að skrifa um 6 metra, 2 metra og gervitungl, TF3VS sem ætlar að skrifa um loftnet og fleira þessháttar, TF3NJ/VE6NJK sem ætlar að skrifa um QRP og TF3AO sem ætlar að skrifa um Contesta. Ritstjóri kann þeim hinar bestu þakkir fyrir. En betur má ef duga skal. Helst þyrfti að fá eina tvo til þrjá til viðbótar og er hér með auglýst eftir þeim. Ekki er nú farið fram á mikið framlag heldur eina síðu eða svo fimm sinnum á ári sem ekki ætti að vera nokkrum manni ofraun.

Settur hefur verið upp krossbander á Þrándarhlíðarfjall í Skagafirði og er UHF hlutinn á TX 434,625 og RX 433,025 MHz. VHF hlutinn er TX 145,125 og RX 145,725 MHz. Ætlunin var að þessi krossbander næði að tengjast við Tóta á Vaðlaheiði en því miður þá gekk það ekki eftir þrátt fyrir að útbreyðslukort gæfu góðar vonir. Ekki er ljóst, á þessari stundu, hver ástæðan er en málið er í athugun. Með öðrum krossbander á Holtavörðuheidi hefði verið hægt að tengja saman norður og suðurland en þetta kemur þó seinna verði.

Loftnet Tóta á Vaðlaheiði hefur verið bætt og er nú komið þar upp 9 db. net sem ætti að bæta notkun endurvarpans umtalsvert. Slimminn er ennþá uppi og einfalt að skipta yfir á hann ef þurfa þykir. Annar kapall var settur fyrir nýja netið og kom okkur nú til góða að hafa lagt tvö rör úr húsinu út í staurinn þar sem loftnetin eru.

Sigurður Harðarson TF3WST lagði til krossbanderinn og setti hann upp ásamt að setja upp loftnetið fyrir Tóta. Stefán TF3S, Þór TF3GW ásamt undirrituðum gengu síðan frá kapli fyrir lotnetið á Vaðlaheiði.

Okkur hefur áskotnast enn einn endurvarpinn og virðist hann vera í ágætu lagi. Ætlunin er að setja upp endurvarpa á Gagnheiði en við prófanir hefur reynst samband þaðan á endurvarpann á Vaðlaheiði. Þórir TF3Ezt sem búsettur er á Egilsstöðum hefur í tví eða þriggja gert sér ferð þarna upp og náð ágætu sambandi við ritstjóra. Þetta gerði Þórir bæði fyrir og eftir að skipt var um loftnet á Vaðlaheiðinni og sagði hann að við loftnetsskiptin hefði sambandið styrkst til muna og dygðu jafnvel 5 vött til að ná í gegn. Leyfi hefur fengist hjá Landssímanum til að setja endurvarpa inn í hús þeirra á Gagnheiði. Þegar samband næst milli Þrándarhlíðarfjalls í Skagafirði og Vaðlaheiðar þá er stutt í samband frá Egilsstöðum til Reykjavíkur.

73 de TF5BW

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



Ágætu félagar

Nú þegar árið er að renna á enda og síðasta tölublað CQ TF er að koma út er ágætt að að líta aðeins til baka og aðgæta hvort eitthvað hefur á unnist í okkar málum eða kannski

engar framfarið orðið.

Sumum finnst ef til vill lítið að gert og margt geti verið í betri farvegi til dæmis í reglugerðarmálum okkar en eins og við vitum var mjög mikið lagt í tillögur frá okkar hendi en því miður hefur lítið komið frá P&F varðandi þau mál þrátt fyrir nokkra eftirgangsmuni okkar.

Sumir eru eins og vonlegt er eru orðnir langeygðir eftir því að fá að taka morsepróf á lægri hraða eins og gert er í nágrannalöndum okkar að minnsta kosti í OZ landi og þeir eru til sem segja að þetta andvaraleysi félagsins sé í raun alveg ópolandi og verði ekkert að gert lognist þetta út af fljótlega því ekkert af ungu fólki kemur inn í “hobbyið”.

En það er nú hinsvegar skoðunarvert að sára fáir af því fólki sem hafa lokið prófum á undanförunum árum hafa komið í loftið þrátt fyrir að félagið hafi gert heilmargt til þess að laða þá að til dæmis að hafa sett upp endurvarpa sem gerir öllum auðveldara fyrir að hafa samband við aðra.

Þá er á það að líta að þeir sem hafa farið á námskeið hjá félaginu hafa fengið ágætis menntun sem ekki hefur kostað þá mikið, aðeins nokkra þúsundkalla.

Umræðan um morsið heldur áfram þar til einhver niðurstaða hefur fengist á IARU ráðstefnum og þó held ég að alltaf verði óánægja, hver sem niðurstaðan verður

Eins og kunnugt er þá hefur félagið haft forgöngu í því að T-leyfishafar hafi fengið að taka þátt í keppnum á vegum félagsins. Þátttakan hefur ekki verið eins og vonir stóðu til og kannski er það skiljanlegt þar sem menn hafa haldið að þarna væri alveg um grafalvarlega keppni að ræða en því fer fjarri. Þetta er gert til þess að menn hafi gaman að og geti fengið smá nasasjón af því hvað getur beðið á HF böndunum.

Nú hafa þessar reglur verið rímkaðar aðeins þannig að nú geta menn notað klúbbsstöðvar til þess að fara í loftið og þarf ekki keppnir til aðeins þarf B eða C leyfishafi vera viðstaddur sem ábyrðarmaður. Ekki þarf að sækja um í hvert sinn aðeins leyfi viðkomandi ábyrgðarmanns sem gildir.

Radíóskátar hafa nú á haustdögum staðið fyrir námskeiði og vonandi kemur nokkur fjölgun út úr því. Sem endranær hefur Axel TF3AX séð um morse kennsluna og hafa nokkrir (fáir) T-leyfishafar sótt námskeiðið.

Radíóamatörar hafa fengið góða umfjöllun í dagblöðum og fjölmiðlum á undanförunum mánuðum. Þeir tóku þátt í gerð útilistaverks í Elliðaárdal og í flutningi tónlistarverks í listasafni Reykjavíkur báðir þessir atburðir voru á vegum Reykjavíkurborgar menningarárs og eins og ætíð áður var þetta gert án endurgjalds frá okkar hendi.

Almennur félagsfundur verður í Janúar og í febrúar höfuð við fengið Ágúst Bjarnason TF3OM til að halda erindi um stýritækni en Ágúst er áhugamaður um slíka hluti ma. Verið virkur sem flugmaður á fjarstýrðum flugmódelum.

Dagssetningar hafa ekki verið ákveðnar en verða auglýstar á ÍRA-rabb þegar að því kemur.

Stjórn Í.R.A. óskar ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þökkum fyrir samstarfið á árinu.

73 Haraldur Þórðarson
TF3HP

Borgarskjalasafn

Eins og kannski flestir ykkar vita þá geymir Borgarskjalasafn Reykjavíkur ýmis gömul gögn sem ÍRA hefur afhent safninu t.d bréf frá 1963-1972, Félagatal, fundaböð, gömul CQ-TF svo eitthvað sé nefnt. Ég vil biðja alla þá sem hafa undirhöndum efni t.d myndir fundargerðir gömul CQ-TF fundargerðir gamla reikninga eða tengist sögu félagsins að koma því til Borgarskjalasafn að Tryggvagötu 15 3 hæð. eða láta einhvern úr stjórn, eða koma með það niður í Þróttheimi á fimmtudögum.

Eða haft samband við undirritaðan.

73 de Rúnar TF3RJT

Fundargerðir stjórnarfunda

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



Fundur í stjórn ÍRA
7.9.2000 í Þróttheimum kl.
20:35

Mættir eru TF3HP, TF3VS,
TF3GB og TF3TXT.
TF3WOT boðaði forföll.

1. Húsnæðismál. For-
stöðumaður Þróttheima

hefur komið að máli við formann og hótaði upp-
sögn á húsnæðinu vegna vanskila á húsaleigu,
en hún mun ekki hafa verið greidd síðan í vor.
Formaður kom á sáttum við forstöðumann á þeim
fundi og gekk þá jafnframt munnlega frá húsal-
eigusamningi til næstu tveggja ára. Stjórnar-
fundurinn ályktar samhljóða að gjaldkera BERI
að sjá um að greiðslur fari fram á réttum tíma og
geti greitt nokkra mánuði fyrirfram ef verkast
vill.

2. Rádióskátar eru á fullu að undirbúa námskeið í
haust til amatörprófs. Fundurinn ítrekar að þeim
skuli veittur hver sá stuðningur sem þeir æskja
og hægt er að veita. Hafa þeir óskað eftir að sótt
verði um próf í lok nóvember, og er ritara falið
að sjá um það.
3. Rætt um NRAU formannafund og undirbúning
til hans. Setja þarf á stofn undirbúningsnefnd hið
fyrsta sem sjái um verkstjórn og hafi heildaryfir-
sýn yfir þau verk sem framkvæma þarf og undir-
búa. Eru menn á einu máli að fara fram á við
TF3KB að veita henni forstöðu. Þá eru nefndir
TF3LA, TF3AO og TF3LFT til vera honum til
fulltingis.
4. TF3TXT ber fundinum munnleg skilaboð frá
gjaldkera og segir hann að VISA/Euro-greiðslu-
fyrirkomulag sé í undirbúningi og hafi hann þegar
talað við kortafyrirtækin og bankann. Fögnuðu
fundarmenn því að þessi mál væru að komast í
gott horf.

TF3TXT yfirgaf fundinn kl. 21:30 og sleit formaður
fundi skömmu síðar, enda önnur mál ekki borin upp.

Fundargerð ritaði TF3VS

Stjórnarfundur ÍRA haldinn í Þróttheimum 2. nóv.
2000 kl 21:00

Mættir TF3HP, TF3GB, TF3WOT og TF3VS;
TF3TXT kom kl 21:25.

1. Stjórnarfundur féll niður í október, sumir

stjórnarmenn áttu ekki heimangengt og þar að
auki lágu engin brýn erindi fyrir sem kröfðust
fundar.

2. Rætt um styrkumsókn til Íþrótt- og tómsunda-
ráðs, en auglýst hefur verið eftir umsóknum sem
skulu berast til ráðsins fyrir 20. þ.m. Gjaldkeri
lagði fram uppkast að umsókn, þar sem amatør-
ráðiói var lýst í alllöngu máli og óskað eftir styrk
til greiðslu húsaleigu m.a. Nokkrar umræður urðu
um uppkastið og almennt um styrkjaumsóknir í
framhaldi af því. Vildi TF3VS hafa umsóknina
stutta og hnitmiðaða, en TF3WOT taldi aftur á
móti að kostur væri af sem ítarlegastri umsókn,
þar sem væri sem mest af ítarefni. Lagði TF3VS
til að gjaldkeri og hverjir aðrir stjórnarmenn sem
hefðu tök á og tækifæri til að kanna hvernig ráðið
vildi helst fá umsóknir. TF3TXT var nú kominn
á fundinn og sagðist þekkja til klúbbs sem hefði
fengið myndarlegan fjárstyrk frá ÍTR og var
honum falið að kanna þar hvernig staðið var að
málum. Skyldi hann svo gera gjaldkera grein fyrir
því.
3. Tveir félagar eru nýlega fallnir frá, þeir TF5BG
og TF3FB. TF3BM hafði tekið að sér að koma
kveðju frá félaginu á framfæri í minningargrein
um TF3FB. Jafnframt var formanni og gjaldkera
falið að senda fjölskyldum þeirra samúðarkveðjur
ÍRA.
4. Rætt um innheimtu félagsgjalda. Gjaldkeri tjáði
stjórn að nú væri því ekkert að vanbúnaði að
félagar greiddu árgjaldið með sjálfvirkri korta-
færslu. Var honum falið að rita auglýsingu og
leiðbeiningar í næsta CQTF, sem kemur út í
desember nk. og upplýsa féлага um hvernig þeir
beri sig að við að nýta þennan kost.
5. Fjallað um haustfund ÍRA, sem féll niður að þessu
sinni, en vegna þess hve aðalfundur hefur verið
færður aftur þykir heppilegra að halda almennan
félagsfund frekar þegar liðið er á veturinn. Rætt
um að halda fund í janúar að þessu sinni. Fun-
arefnið verður ákveðið síðar.
6. TF3KB hefur tekist á hendur að stýra undir-
búningsnefnd fyrir NRAU formannafund. Jafnframt
hafa þeir TF3AO, TF3LA og TF3LFT verið beðnir um
að ganga í nefndina og er ekki annað vitað nú en
að svo verði.

Ekki var fleira tekið fyrir á fundinum og honum slitið
um 22:20

Fundargerð ritaði TF3VS

Keppni/Contest

Ársæll Óskarsson TF3AO



Þegar ég var beðinn um að skrifa um “contest” mál sagði ég umsvifalaust já, án þess að hugsa um hvað skyldi skrifa og hvar skyldi byrja. Af nógu er að taka í þessum málum og ég vona að þeir sem nenna að lesa þetta fyrirgefi þó að ég hlaupi um víðan völl og stökkvi úr einu í annað.

En, af hverju keppa radióamatörar? Mannfélagið er byggt upp á að keppa í hverju sem er. Má nefna hinar ýmsu íþróttagreinar. Það má nefna lífsgæðakapphlaupið, það er ekkert annað en keppni að koma sér sem best fyrir og helst að vera fremri honum “fúl á móti”. En nóg um þetta, best að vinda sér að alvörunni.

Eftir að ég fór að taka þátt í keppnum hér, þá hefur það verið að mestu leyti í góðum hópi félaga vorra, undir merki félagsins í klúbbstöðinni, TF3IRA. Við höfum tekið þar þátt í helstu SSB keppnum undanfarin tvö ár, en heldur hefur gengið verr að manna CW keppnir, enda ekki á allra færi. Þegar minnst er á helstu keppnir þá eru þær: CQ WW. (haldin á vegum CQ blaðsins, en WW stendur fyrir World Wide). SSB hluti þessarar keppni er alltaf haldinn síðustu helgi október mánaðar ár hvert, en CW hlutinn síðustu helgi nóvember. Í mars er haldin CQ WPX (WPX stendur fyrir World Prefix) keppnin í SSB, en CW hlutinn fer fram í apríl. Þá ber að nefna SAC (Scandinavian Activity Contest) en sú keppni fer fram í september, CW og SSB með hálfsmánaðar millibili. Þá eru í gangi ýmsar smærri keppnir, og man ég eftir að við höfum tekið þátt í ARRL 10 metra SSB. Ef þið hafið áhuga á að fræðast nánar um hvaða keppnir eru í gangi hvaða helgi og hvaða reglur gilda o.s.frv. vil ég mæla eindregið með heimsókn á: <http://www.sk3bg.se/contest/index.htm>, en þar er að finna geysimiklar upplýsingar um þessi mál.

Auðvitað er ekki eingöngu um að ræða hópþátttöku í svona keppnum, menn geta verið einir sér. Þátttakendum er skipt í flokka. Þar er um að ræða ýmsar útfærslur t.d svo sem: SOSB (single operator, single band), M/S (Multi/Single, þýðir margir þátttakendur með eina stöð), M/M (Multi/

Multi, margir þátttakendur með margar stöðvar). Oft hefur maður séð upp undir 20-30 þátttakendur vera með í keppnum í M/M, og eru þeir bæði “operatörar” og aðstoðarmenn. Má ég í þessu sambandi benda á þátttöku þýskra amatöra undir kallmerkinu CN8WW, frá Marokkó.

Heimasíða þeirra er: <http://www.dl6fbl.de/cn8ww/>. Þess má geta að samkvæmt þeim upplýsingum sem þeir gefa á þeirri síðu, þá höfðu þeir 26092 sambönd og tæpa 82 milljón punkta. Ef að rétt reynist þá hafa þeir bætt um betur frá fyrra ári, en þá höfðu þeir 23224 sambönd og rúmlega 76 milljón punkta, sem þá var heimsmet.

Til samanburðar höfðum við á TF3IRA, sem M/S stöð, í síðustu keppni 3014 sambönd og u.þ.b. 1.85 milljónir punkta. En það má taka fram að við vorum í loftinu ca. 38 klst. af þeim 48 sem keppnin varði.

Eitt af nauðsynlegri gögnum í keppnum í dag er tölvan og gott keppnisforrit. Sjálfur hef ég mesta reynslu af TR forritinu, sem skrifað er af N6TR. Það eru margir möguleikar á mismunandi uppsetningu í forritinu og læt ég bíða betri tíma að minnst á það. Nú í síðustu keppni gerðum við í fyrsta skipti tilraun með að tengja saman tvær tölur með TR forritinu og gekk það stórslysalaust þrátt fyrir að við misstum út rafmagn nokkrum sinnum. Sé minnst á önnur vel þekkt forrit þá er þar CT efst á blaði og einnig má minnst á NA. Þá er til urmull af smá forritum sem gerð eru fyrir fáar eða jafnvel eina keppni.

Vona að þessi grein vekji spurningar hjá einhverjum varðandi þessi mál, og þó að ég sé enginn sérfræðingur um þessi mál, mun ég gera mitt besta til að svara.

73 de TF3AO

**Gjaldkeri
minnir á
félagsgjöldin**

Gervitungl UO 14

Ólafur B. Ólafsson TF3MLT



Það er hægt að gera margt skemmtilegt þó maður sé bara með T leyfi.

Það þarf ekki merkilegan búnað til þess að ná í hnött eins og UO 14. Hann er svo kallaður “low orbit” hnöttur sem fer umhverfis

jörðina á u.þ.b. 1 klukkutíma og er nýtilegur í u.þ.b. 10 til 15 mínútur í hvert skipti. “Uplink” tíðnin (sendi tíðni) er 145.975 Mhz og maður hlustar í kring um 435.070 Mhz allt á FMmótun.

1. Best er að ná sér í forrit sem sýnir manni hvar hnötturinn er staddur, ég nota LogSat professional v5.2

2. Svo er bara að stilla stöðina á 435.070 Mhz og opna fyrir squelsinn og hlusta. Hnötturinn getur verið á 435.060 til 435.080 allt eftir því hvort hann er að koma að landinu eða hann er að fara frá landinu.

Þessi tíðnibreyting er kölluð “dopler affekt”. Nú ættir þú að geta heyrt í hnettinum sérstaklega þegar að hann er í svo kölluðu “hi passi” það er þegar að hann kemur beint yfir landið, hnötturinn kemur upp yfir norðurpólinn og fer í suður beint yfir ísland kl u.þ.b. 12.00 til 13.00 og svo kl u.þ.b. 22.00 til 23.00 þá kemur hann úr suðurátt og fer yfir landið til norðurs.

3. Til þess að geta hlustað er hægt að nota hvaða stöð sem hefur 70 sm bandið eða 435 MHz það er hægt að nota handstöð en það er ekki hægt að nota litlu gúmmí loftnetinn sem fylgja handstöðvunum. Það er hægt að nota ½ bylgju eða 5/8 loftnet vertical en best er þó að nota stefnuvirkt loftnet.

4. Svo þegar þú ert búinn að hlusta á nokkur QSO á hnettinum þá ættir þú að reyna að fara að senda. Það er sama sagan þar með loftnetinn hægt er að nota vertikal en best að nota stefnuvirk loftnet. Það er hægt að komast af með 10 Wött. Gott er að nota talstöð sem er duplex sem þýðir að stöðinn getur

sent á 144 MHz og tekið á móti á 435 MHz á sama tíma þá getur maður heyrt í sjálfum sér en það er líka hægt að nota tvær stöðvar, eina til að senda og hina til að taka á móti og það



er nauðsynlegt að nota heymartól svo ekki myndist feedback.


5. Ég byrjaði sjálfur með 2 stöðvar og sendi 50 Watt í 5/8 vertikal og tók á móti með 7 elementa greiðu sem var ætluð fyrir NMT farsíma á 450 mhz. Ég setti hana á rotor og festi hana í ca 20 gráðu halla því ég hafði ekki rotor sem bæði var hægt að halla og snúa.

6. Ég tek ferða satellite búnaðinn minn með mér hvert sem ég fer. Hann samanstendur af 5 Watta handstöð duplex (ICOM ic32A) og hand loftneti frá Arrow sem er 3 element á 145 MHz og 7 element á 435 Mhz. Úr sumarbústaðnum mínum tala ég við félagamína um alla Evrópu og norðaustur hluta Bandaríkjanna og Kanada og ekki má gleyma vini mínum í Skerjafirðinum honum Friðrik TF3FK. Ef þú hefur áhuga á þá get veitt nánari og betri upplýsingar í loftinu 145,700 mhz eða í síma 898-5744

Ólafur B. Ólafsson TF3MLT

Í næsta CQ TF verður sagt frá fleiri hnöttum AO 10 og F3D

Satellite	Uplink	Downlink	Beacons
UO-14	145.975	435.070	435.070



Frá gjaldkera

Guðjón H. Egilsson TF3WOT



Í.R.A. félögum býðst nú sá möguleika að láta taka félagsgjaldið með sjálfvirkum hætti af VISA og EURO kredit kortum sínum.

Mun þetta taka gildi frá og með árgjaldi ársins 2001. Hægt verður að velja um fjóra mánuði til úttektar þ.e. júní, júlí, ágúst og September.

Með þessu móti er hægt að bjóða uppá að félagsgjaldið sé tekið í einu lagi, skipta því í tvennt eða fernt. Meðfylgjandi eru seðlar frá Alefli Vísa og Framlag Euro þ.e.a.s. til þeirra sem fá blaðið í sniglapósti. Fyrir þá sem fá blaðið í tölvupósti eru myndir af seðlunum á öftustu síðu en þeir verða að fara í banka og fá seðil þar eða nálgast þá í Þróttheimum á fimmtudagskvöldum. Seðlar þessir eru mjög einfaldir í útfyllingu.

Tökum sem dæmi einhvern sem vill skipta gjaldinu í tvennt. Árgjaldið er 4.000 kr. Skrá þarf kortanúmer, nafn, kennitölu, síma og síðan krónur á mánuði. Þar sem skipta átti gjaldinu í tvennt og það er 4.000 kr. þá skrifum við þar 2.000 kr. krossum síðan í þá mánuði sem á að taka gjaldið út, segjum júlí og September, síðan þarf að merkja í Nýskráning og að sjálfsögðu árlega, setja dagsetningu undir og undirskrift til staðfestingar. Eins er farið að ef taka á gjaldið í einu lagi nema að þá er upphæðin 4.000 kr og merkt við einn mánuð. Sé um fjórskiptinu að ræða þá er upphæðin 1.000 kr og merkt við alla fjóra mánuðina.

Sendu þarf síðan gjaldkera seðlana í pósti til að hann geti fylgst með því hverjir vilji greiða félagsgjöld sín með þessum hætti og hverjir ekki.

Heimilisfang hans er: Guðjón H. Egilsson, Seiðakvísl 8. 110 Reykjavík og mun hann síðan koma þeim til kortafyrirtækjanna.

Ef einhverjar sér óskir eru um greiðslur sem ekki falla að þessu formi þá er hægt að hafa samband við Guðjón í síma 862-6888.

Ritstjóri hvetur alla félagi ÍRA sem þess hafa kost að nýta sér þennan möguleika og gera um leið innheimtu félagsgjalda ódýrari og skilvirkari.

Noregs fréttir

Sigfús Jónsson LA0BX/TF5SJ



Hér í landi eru þrjú leyfisflokkar. Í stuttu máli er munurinn á flokkunum þessi:

A-flokkur (LA) gefur mest réttindi. Nota má öll amatörbönd og allar löglegar mótunaraðferðir og 1 kW út frá sendi (takmarkað á vissum tíðnisviðum) og morskrafan er 60 stafir á mínútu.

B-flokkur (LB), öll amatörbönd og mótunaraðferðir, en hámark 100 W út frá sendi. Morskrafa 40 stafir á mínútu og léttara tæknipróf heldur en í A-flokki.

C-flokkur (LC), VHF og hærri tíðnir. Tæknikröfur, mótunaraðferðir og afl eins og í A-flokki. Engar morskrafur.

Það sem er athyglisvert í þessu sambandi er að fram að 1. mars síðastliðnum máttu LB stöðvar ekki vera á tali á HF böndunum. Frá 1. mars var sem sagt slakað á morskrafunum eins og gert hefur verið í mörgum öðrum löndum.

Á aðalfundi NRRL sem haldin var í Þrándheimi 19 ágúst talaði fulltrúi frá Post- og teletilsynet (PT) og taldi hann allt benda til þess að formlegar kröfur um morskunnáttu radióamatöra verði felldar niður árið 2003.

Sennilega er ekki létt fyrir yfirvöld að viðhalda morskrafunni. Löngu er búið að leggja niður alla skóla fyrir loftskeytamenn og hvar á þá að finna atvinnumenn sem geta verið prófdómarar? Væri ekki best fyrir radióamatöra að horfast í augu við þetta, hætta að deila en skoða heldur hvernig halda má lífi í morskrafu eftir að kröfurnar hverfa?

Þann 8. júní voru haldin próf fyrir radióamatöra. Varð útkoman sem hér segir: Níu fengu A-leyfi, átta B-leyfi og sekstíu og tveir fengu C-leyfi. Þrettán náðu ekki prófi. Yfirgnæfandi fjöldi nýrra radióamatöra hefur því enga morskunnáttu.

Á aðalfundinum tilkynnti PT að norskar klúbbsstöðvar sem taka þátt í skipulagðri neyðarþjónustu NRRL mega nota tíðnirnar 5410 kHz og 5420 kHz. Ekki má nota þessar tíðnir fyrir almenn amatörviðskipti og ekki má hafa samband við erlendar stöðvar. Sennilega verður önnur tíðnin notuð fyrir talsambönd en hin fyrir PACTOR II samband milli aðal björgunar-miðstöðvanna sem eru staðsettar í Stafangri og Bodö. NRRL hefur fengið NOK 30000 til að koma upp PACTOR II sambandinu. Það er áhugi meðal amatöra í fleiri löndum að fá einhvern aðgang að 60 m bandinu og verður gaman að sjá hvort þetta verður nýtt amatörband þegar fram líða stundir.

Skrifað þann 18 nóvember árið 2000 í neðrihluta Raumaríkis. LA0BX.

Að láta drauminn rætast

Niels J. Kristjánsson TF3NJ/VE6NJK



Sælir félagar, Allt frá því ég man fyrst eftir að hafa augum litið bókmenntir varðandi Radíó Amatöra og þeirra umstang var ég heillaður af háum möstrum og loftnetum sem þau skörtuðu. Man ég eftir að hafa skoðað myndir af þessu tímunum saman og í hugskoti mínu fæddist sá draumur að einn góðan veðurdag eignaðist ég mastur og viðeigandi loftnet. Fyrir nokkrum árum gerðist ég svo húseigandi og er fasteignasalinn sem sá um kaupin fyrir mig Radíó Amatör (VE6DV) þannig að ekki var hætta á að maður yrði í návígi við háspennulínur eða annað sem hamlaði Amatörmennsku. Einhverju sinni las ég að helminginn af aurunum sem atlaðir væru fyrir áhugamálið væri best varið í loftnetin og er ég nú orðinn sannfærður um að svo

sé. Eftir að húsakaup og flutningar voru um garð gengin var að setjast niður með blað og blýant til að komast að því hvað best hentaði aðstæðum, lóðin er 42X21 metrar og eru tvö há tré, ca. 10m, götumegin og eitt öllu stærra í bakgarðinum. Fljótlega fann ég 17m galvaníserað stálmastur og gróf ég fyrir sökklí og fóru í holuna um tveir og hálfur rúmmetri af hertri steinsteypu. Það er alltaf spennandi hvernig nágrannarnir bregðast við framkvæmdum að þessu tagi er í mörgum hverfum blátt bann við loftnetum og er sama fyrir hvað þau eru. Þar sem ekki var svona skilyrði í mínu hverfi og tvö önnur möstur ekki langt frá lét ég slag standa og hafði



ekki fyrir því að tala við kóng né prest í skjóli þess að það væri fordæmi fyrir þessu. Ég varð að passa að mastrið snerti ekki húsið því þá heyrir allt klabbið undir skipulags nefnd borgarinnar ásamt öllu illu sem því fylgir.

Sem betur fer lenti ég ekki upp á kant við neinn og má geta þess til gamans að sá granninn sem býr norðan við mig var í friðargæslusveitum S.Þ. í gamladaga og var oft eina sambandið heim til Kanada í gegnum Radíó Amatöra sem höfðu "phone-patch" þannig að hann vissi hvað klukkan sló og fylgdist með af miklum áhuga.

Nú var að ákveða hvernig loftnet væri best að setja á toppinn. Ekki var ég hrifin að þessum klassísku þriggja banda (20m, 15m, 10m) þriggja elementa Yagi loftnetum sem eru svo algeng út um allt, vildi ég líka geta verið á WARC tíðnunum sérstaklega þegar allt er undirlagt í kontestum. Það sem kom fyrst til greina var Log-

Periodic en verðið er frekar hátt og stærðin töluvert meiri en ég gat sætt mig við. Þegar ég fór að skoða Quad komst ég að því að hægt er að hafa margar tíðnir á sama loftnetinu og bandbreiddin heldur betri en á Yaganum, auk þess þykja Quad loftnetin vera hljóðlátari rafmagnslega. Með tvö element, drifið element og reflector, væri hægt að ná ca. 7dB gain, eða ávinning eins og það er víst kallað. Þetta er sambærilegt við þriggja elementa Yagi loftnet. Gem-Quad loftnet eru framleidd hér í Kanada (<http://www.escape.ca/~gemquad/>) og fann ég eitt svoleiðis í Manitoba en loftnetið hafði aldrei

verið sett upp. Til vonar og vara byrjaði ég á að styrkja miðhlutann á loftnetinu þar sem ég hafði heyrt að gjarnan mynduðust sprungur.

Gem-Quad gerir ráð fyrir þremur tíðnum 20m, 15m og 10m og einni fæðilínu en ég ætlaði að setja sjö tíðnir (já 7 tíðnir) 20m, 17m, 15m, 12m, 10m, 6m og 2m á sama loftnetið og nota þrjár fæði línur, eina fyrir HF tíðnimar, og sér fyrir 2m og 6m. Ef allt færi eins og mig langaði jafnaðist þetta á við að hafa sjö “monoband” þriggja elementa Yaga. Fljótlega komst ég að því að þeir sem höfðu gert svipað virtust næstum því undantekningalaust lenda í vandræðum með standbylgju á 15m. Það var augljóst að það var samverkun á milli loftnetanna sem ekki var hægt að horfa framhjá. Af tilviljun rakst ég á grein í RadCom (des. 1998, bls. 63) þar sem Breskur Amatör, Bob Cox (G4PLP) hafði bætt 12m á Quad og lenti í sömu vandræðum, G4PLP leysti vandann með segulrofum til þess að opna þá hluta af loftnetinu sem ollu þessari samverkun. Ég skrifaði G4PLP og fékk að vita í smáatriðum að hverju hann hafði komist og tillögur um úrbætur. Þegar ég fór að bera saman lengdir á loftnets hlutum komst ég að því að á 15m sér “aktíva” elementíð “reflector” fyrir 12m sem “director”, þannig eru bæði “reflector” og “director” sömu megin fyrir 15m sem veldur hárrí standbylgju. Til að leysa málið ákvað ég að setja litla segulrofa á reflectorana til að þeir séu allir opnir nema sá sem er valinn fyrir viðeigandi tíðni. Auk þess smíðaði ég segulrofa box til að tengja viðeigandi “aktíft” element við fæðilínuna. Þeir hlutar sem ekki eru valdir eru ótengdir bæði jörð og fæðilína. Til þess að stilla (tjúna) loftnetið hafði ég það tæplega hálf leið upp mastrið (sjá mynd), í fyrstu hafði ég áhyggjur af því að mastrið hefði áhrif á stillinguna en sá ótti var ástæðulaus þar sem loftnetið er lárétt pólað en mastrið lóðrétt svo samverkun er í minna lagi. Síðan setti ég stillanlegan þétti (gangþétti) á “reflectorinn” og fékk kunningja minn til þess að senda mér merki á þeim tíðnum sem ég vildi hafa loftnetið með best fram aftur (front to back) hlutfall. Þar sem merkið kom aftan að loftnetinu stillti ég gangþéttinn á minnsta merki, mældi rýmdina og setti síðan fastan þétti af sömu rýmd á segulliðann. Þegar tíðni er valin á stjórnborði fyrir loftnetið þá tengir viðeigandi segulrofi á “reflektorinum” fasta þéttinn og rétt element er tengt fæðilínunni. Þar sem Quad loftnet eru í eðli sínu nálægt því að vera 75 ohm notaði ég kvart bylgjulengd (mælda) af 75 ohm coax til að aðlaga loftnetið að 50 ohm fæðilínunni, auk þess setti ég spólu (RF Choke) við segulliða boxið en spólan er upphringaður RG213 Coax af tiltekinni lengd og um-

máli. Hér fyrir vestan getur verið vindasamt og hafði ég nokkrar áhyggjur af því, loftnetið hefur ekki skaddast á neinn hátt þó oft sé óhugnalegt að sjá það í miklum vindi og hef ég ákveðið að vera ekkert að góna á það þegar mikill vindur blæs. Hér hrímar stundum á veturna en það er ekki þessi þunga ísing sem maður er vanur á Íslandi og sést þá virkilega hvernig loftnetið er í laginu og hve mikið er af vír. Í upphafi notaði ég “rótor” sem er til þess að snúa stærri sjónvarps loftnetum en hann þoldi ekki álagið, blessuð sé minning hans, og gerði ég tvisvar við hann áður en garmurinn fór að hrækja úr sér tannhjólum og öðrum mikilvægum málmbútum. Nú er ég með Ham IV og virðist hann ætla að duga.



Hvernig tókst svo til? Loggbókin er sennilega besta sönnunin, þar má nú sjá kallmerki sem ekki heyrðust áður og með það í huga að við erum á toppnum á sólbletta sveiflunni er vart hægt að hugsa sér það betra. Ég hef haft tækifæri til að bera saman merki sem ég heyri og aðrir sem eru með Yaga, ef merkin eru sæmilega læsileg t.d. 339 og betri er sára lítill munur, þegar kemur að því að grafa dauf merki út úr suði og truflunum hef ég vinninginn. Mælingar sýndu (MFJ-256B Antenna Analyzer) að standbylgjan er ca 1.2:1 á eigintíðni og mest 2:1 á

Túnfiskdós

Niels J. Kristjánsson TF3NJ/VE6NJK




Eina túnfiskdós takk, ég stóð við búðarborðið hjá kaupmanninum á horninu og ástæðan fyrir kaupunum var ekki sú að ég ætlaði að búa til túnfisksalat heldur hafði ég sent aura til New Jersey QRP klúbbsins og

átti von á litlum pakka sem átti að innihalda allt sem til þurfti til að smíða TT II. TT II er QRP sendir sem er samkvæmt venju smíðaður í túnfisk dós og gengur undir nafninu Tuna Tin II, sendiorkan er á bilinu 300-500mW á 40metrum og fylgja með í kaupunum tveir kristallar 7040kHz og 7120kHz fyrir ameríska "novice" hluta 40m. Hér fyrir vestan er 40m QRP kalltíðnin 7040kHz og þar oft mikil QRP traffík. TT II var upphaflega hannaður að þeim fræga Doug DeMaw W1FB, sem er nú þagnaður lykill, og birtist í QST 1976, hundruðir voru smíðaðir út um allt vegna þess hve einfaldur sendirinn er og auðvelt að fá íhluti. Þessi uppfærða útgáfa er örlítið breytt til að bæta útgangsspenninn og lág-hleypisíuna og auðvelda íhluta öflun. Sveifluvakinn er Pierce afbrigði og drífur útgangsstig sem er eins og sveifluvakinn 2N2222 transistor. Það tók þrjá tíma að smíða sendinn og lagði ég áherslu á að ná miðanum af dósinni í einu lagi til að líma hann á aftur þegar

smíðinni væri lokið enda ekkert varið í TT II ef ekki sést að dósinn var túnfisk dós. Ég gerði tvær breytingar á minni smíði og var sú fyrri að ég notaði plast mótstykki fyrir Morse lykilinn svo ég gæti stungið lyklinum í dósina en ekki ofan í prentplötuna eins og gert er ráð fyrir. Seinni breytingin var að nota tvöfaldan rofa til að skipta milli sendingar og móttöku svo að loftnets inngangurinn á móttakaranum væri jarðtengdur meðan stillt væri á

sendingu, þetta gerði ég til að móttakarinn yrði ekki yfirkeyrður. Eftir að smíðinni var lokið var að prófa að setja straum á græjuna og sjá hvort send yrðu reykrmerki að hætti indíána- eða CW að hætti amatöra. Ekki sást nú neinn reykur og útgangsaflíð mældist rétt undir 500mW á 13.8 Voltum og ca. 70mA. Nú var að athuga hvort hægt væri að ná athygli einhvers og var loftnetinu stungið við. Fyrsta QSO við VE7SL og var við hæfi að hann var líka með TT II og 300 mW, 559 í báðar áttir, vegalengdin á milli okkar er nálægt 1400 km. Við töluðum saman á e-mail eftir QSO-ið og á hann stutt eftir í WAS á TT II. Oftast nota ég túnfiskdósina, handlykil og Sony IC SW 7600 stuttbylgjutæki og er ekki með neitt annað í gangi á meðan. Loftnetið er Zeppi sem er 10 metra hátt og gert fyrir 40 m. Sumir hafa kvartað undan því að lyklingin væri ekki hrein en ég hef spurt þá sem ég hef talað við og ekki fengið nema góðar umsagnir, eins hafa heyrst sögur um að tíðnin



hnikist til ef loftnetið sveiflast mikið í vindi og hafi þannig áhrif á loftnets álagið. Það er vefsíða tileinkuð þessum sendum <http://tunatin2.homepage.com/> og hafa menn sent myndir þar sem kisurnar þeirra hafa setið fyrir ásamt TT II sendunum.

Það er alltaf eitthvað sérstakt við það að fara í loftið notandi tæki sem menn hafa smíðað sjálfir og sérstaklega þegar tækið er einfaldninn uppmáluð og virkar vel þar að auki. Þeir sem hafa áhuga

geta kíkt á heimasíðu NJQRP sem er <http://www.njqrp.org> Hvað varð svo um túnfiskinn í dósinni? Heimiliskötturinn hann Daníel gerði sé veislu úr honum og hefur lofað að sitja fyrir ásamt TT II ef ég opna handa honum aðra túnfiskdós.

72 de Niels J. Kristjánsson TF3NJ/VE6NJK

Q R P Vi Minore, Plus Gaudium.

Hugleiðingar um áhugamálið

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Félagi Sveinbjörn Jónsson, TF3VET las okkur pistilinn í síðasta blaði og óskaði eftir umræðu um ýmis málefni er snúa að áhugamáli okkar. Undirtektir hafa því miður ekki verið neinar, allavega hafa ritstjóra ekki borist nein svör við þessari grein Svein-

björns.

Mér datt því í hug að setja nokkur orð á blað um þessi málefni, í viðbót við það sem ég hef áður sagt á þessum vettvangi. Sennilega tilheyrir ég, samkvæmt skilgreiningu Sveinbjörns, íhaldsama hluta félagsins þar sem allt er fúíð fast en ætla að reyna samt að halda umræðunni gangandi.

Það fer aldrei hjá því að ýmis mál danka í félagi þar sem félagar eru ekki fleiri en í okkar. Ástæðan er einfaldlega sú að þar sem félagið er fámennt og mjög fáir koma að eða vilja koma að stjórnun og rekstri þess sitja ýmis mál á hakanum en reynt er að sinna því allra nauðsynlegasta og tekst það ekki einu sinni alltaf.

Ég geri mér ekki alveg ljóst hver sú þróun í mannlegum, tæknilegum og félagslegum mállefnum amatörhreyfingarinnar er, sem á að vera langt frá nútíma Íslensku Þjóðfélagi og því alþjóðlega umhverfi sem við lifum í í dag. Þó læðist að mér sá grunur að hér sé verið að fara eins og köttur í kringum heitan morsegraut.

Það að menn ríghaldi í gamlar hugmyndir er einfaldlega ekki rétt og tel ég vera þar til vitnis tillögu Prófanefndar að endurskoðun reglugerðar um fjarskipti áhugamanna. Þar eru lagðar til miklar og jafnvel byltingarkenndar breytingar á núverandi reglugerð og tel ég að það sé ekki við félagið eða stjórn þess að sakast þó að umræðu um þessar tillögur sé ekki komin lengra en raun ber vitni. Og þó svo að öll þessi ár séu liðin frá því að reglugerðarmál voru flutt frá Pósti og Síma til undirmannaðrar og störfum hlaðinnar Póst og Fjarskiptastofnunar þá efast ég um að málefni radíóamatöra séu neitt ofar á

forganglista P&F en þau voru hjá P&S.

Ég er sammála því að stundum eru umræður um sum mál félagsins og amatöra ekki sem skildi og oft á tíðum of mikið gert af því að sigla milli skers og báru í staðin fyrir að takast á um málin. Ég get að vísu ekki samþykkt að sé einhverjum fært á silfurfati eitthvað sem ég þurfti að leggja umtalsvert á mig til að ná að þá sé verið að taka eitthvað frá mér. Og það er hárrétt, sem betur fer, að það eru ekki allir steypdir í sama mótið og menn hafa mjög mismunandi bakgrunn og menntun.

Og nú held ég að það sé komið að kjarna málsins. Helsti þröskuldur þróunar á mannlegum, tæknilegum og félagslegum mállefnum amatörhreyfingarinnar er MORSE. Öll þessi vandamál hverfa eins og dög fyrir sólu verði Morse ekki lengur krafa til amatörprófs. Ég get að vísu tekið undir það að í einstaka sárafáum undantekningar tilfellum séu þær aðstæður fyrir hendi að einstaklingur geti ekki lært morse og því eigi að gera undantekningu. En ég er hreint ekki því sammála að það eigi að vera regla.

En í framhaldi af þessu þá langar mig til að varpa fram eftirfarandi spurningu sem ég tel mig ekki hafa fengið viðhlítandi svör við ennþá.

Hvað með þá sem geta ekki með nokkru móti lært rafmagns og radíófræði en eiga aðvelt með að læra morse?? Á þá ekki að gera samskonar undantekningu fyrir þá eða skipta þeir ekki máli.???

Þetta með eiginhagsmunapotíð og sinnuleysið þarf ég að fá nánari skýringu á til að geta tjáð mig um það. Ég á að vísu erfitt með að sjá hvernig einhver hefur hagsmuni af því að morse sé ekki fellt út sem krafa til amatörprófs.

En orðið er laust og er hér með öllum félögum ÍRA boðið að taka þátt í þessari umræðu. Það eina sem farið er fram á er að umræðan sé æsingalaus og málefnaleg.

73 de TF5BW

JOTA 2000

Vala Dröfn Hauksdóttir TF3VD

Þriðju helgina í október 2000 var JOTA haldið í fertugasta og þriðja sinn. Í ár slógu íslenskir radióskátar, með dyggri aðstoð radióamatöra, öll met í þátttöku sinni því það voru JOTA stöðvar í gangi á fjórum stöðum á landinu. Og það sem meira er þá komumst við í sjónvarpið með viðburðinn.

TF8JAM var JOTA stöðin sem var starfrækt frá Reykjanesbæ en þar voru Smiðjudagarnir í ár. Gulli, GX, Smári, SM og Óli, MLT starfræktu stöðina. Þeir náðu sambandi við margar JOTA stöðvar víða um heim. Því miður var það hinsvegar svo að duttlungar fjarskiptanna gerðu þeim lífið leitt þannig að þeir náðu ekki að starfrækja stöðina nema á laugardeginum. Mjög erfið skilyrði reyndust vera þarna í Njarðvíkurskóla þannig að illmögulegt var að halda úti fjarskiptum. Gulli, TF8GX, var ábyrgðarmaður stöðvarinnar.

Það var frábær og óvæntur liðsstyrkur sem okkur barst að norðan þegar Þórður Ívarsson hafði samband viku fyrir JOTA og sagði að hann og fleiri væru komnir með allt sem þyrfti til að starfrækja JOTA/JOTI frá Akureyri. Þórður, sem ekki er bara skáti heldur líka radióamatör, var búinn að fá radióamatöra á Akureyri í lið með sér þannig að TF5JAM komst í loftið í fyrsta skipti í fjölda ára. Krakkarnir á Akureyri og í Reykjanesbæ töluðu mikið sín á milli og höfðu gífurlega gaman af. Jafnframt töluðu norðanmenn við margar JOTA stöðvar erlendis og þar á meðal við HB9S sem er JOTA stöðin í alheims-höfuðstöðvum skáta í Genf. Þeim Genfarnönum þótti það samband svo merkilegt að í stuttri greinargerð um JOTA er sambandið við Akureyri tekið fram sérstaklega ásamt öðrum merkilegum samböndum, s.s. við skátastöðvar á Suðurpólnum, í Gilwell park, Suður Afríku, Namibíu og nokkrum öðrum sérstökum stöðum. Jón E. Bergs, TF5DZ, var ábyrgðarmaður stöðvarinnar.

Í Reykjavík tóku nokkrir áhugasamir radióamatörar sig til og voru með TF3JAM í loftinu frá Þróttheimum. Kveikjan af því að TF3JAM fór í loftið var að Ársæll á fjarskiptakunngja í Ástralíu og í e-mail nokkru fyrir JOTA kom fram hjá þessum manni að hann væri skáti og myndi starfrækja JOTA stöð og vildi hann endilega ná sambandi við Ísland. Ársæll, sem var með okkur Radióskátum á landsmótinu í fyrra, taldi það nú lítið mál og hafði samband við okkur. Ákveðið var að hann starfrækti skátastöðina TF3JAM og að hans aðalmarkmið væri að ná þessum fjarlægum stöðvum hinumegin á hnettinum. Það tókst stórkostlega, úr Þróttheimum náðist samband við skátastöðvar í Kína, Ástralíu, Japan og víðar. Það eina sem vantaði var að íslenskir skátar væru í Þróttheimum til að tala við erlendu skátana. Þrátt fyrir það var talað við mikinn fjölda JOTA stöðva erlendis. Fjölmargir amatörar áttu leið í Þróttheima og

gripu í tækin. Ársæll, TF3AO, var ábyrgðarmaður stöðvarinnar.

Á Úlfjótssvatni voru Radióskátar síðan í félagsútlegu og þaðan var TF1JAM starfrækt. Þaðan náðist samband við um 100 JOTA stöðvar víða um heim, þó að mestu leiti í Evrópu. Það var mjög gaman að ná sambandi við skáta í öðrum löndum og spjalla við krakkana. Eins og gerist og gengur þá voru þau mismálglöð en öll höfðu þau mikinn áhuga á að tala við aðra skáta. Sá yngsti sem við töluðum við var 6 ára gutti á Bretlandi sem var staddur með ylfingahópnum sínum í einni JOTA stöðinni. Frábærasta sambandið sem við náðum var hinsvegar stuttu áður en við hættum á sunnudeginum, það voru margir að reyna að ná sambandi við okkur en við ákváðum að gefa einum sem heyrðist frekar veikt tækifæri. Undrun okkar breyttist fljótt í gífurlega ánægju þegar við uppgötvuðum hver þetta var, viðmælandinn reyndist vera Les Mitchell, maðurinn sem bjó til JOTA fyrir 43 árum síðan. Við ræddum lengi og mikið við hann og allir höfðu jafngaman af. Honum fannst frábært að vita að íslenskir skátar tækju þátt í JOTA og vonaði að þeim myndi fjölga í framtíðinni. Vala Dröfn, TF3VD, var ábyrgðarmaður stöðvarinnar.

Radióskátar eru afskaplega ánægðir með þessa helgi. Aldrei áður hefur gengið svona vel að ná sambandi við erlenda skáta. Amatörar sem voru að hjálpa okkur í fyrsta sinn höfðu á orði að þetta væri eitt það skemmtilegasta sem þeir hefðu gert í fjarskiptum en töluðu jafnframt um að gaman hefði verið að hafa skátakrakka með í þessu. Næsta fjarskiptaskátamót verður í febrúar þegar TDOTA verður haldið. TDOTA stendur fyrir Thinking Day On The Air og er starfrækt af kvenskátum á Bretlandi þá helgi sem er næst 22. febrúar. Undanfarin ár hafa fleiri og fleiri lönd bæst í hópinn, Ísland er búíð að vera með tvö undanfarin ár og nú langar okkur til að vera með í þriðja sinn helgina 23. til 25. febrúar. Í þetta sinn langar okkur að vera í samvinnu við nokkur skátafélög, koma með tæki okkar og töl í skátaheimilin og vera með talstöðvarnar í loftinu. Á sama tíma geta félögin verið með opna dagskrá fyrir skátana sína, fündursmiðjur, leiki og skemmtilegheit og krakkarnir geta fylgst með hvernig gengur að ná sambandi við aðra skáta og jafnvel talað við þau. Ef einhverjir amatörar hafa áhuga á að aðstoða okkur þessa helgi þá eru hvattir til að hafa samband fyrir en síðar við félagsforingja Radióskáta, Konráð Þórisson, TF3KET, eða undirritaða.

Radióskátar vilja þakka þeim fjölmörgu sem gerðu JOTA 2000 að því sem það var fyrir frábæra aðstoð og samvinnu.

Vala Dröfn Hauksdóttir TF3VD

Nokkrar þumalputtareglur um loftnet

James R. Duffey KK6MC/5, Þýtt af Vilhjálmi Sigurjónssyni TF3VS

Eftirfarandi grein er af netinu og er hún birt hér með góðfúslegu leyfi höfundarins, James R. Duffey KK6MC/5,

Af og til eru menn að spyrjast fyrir um loftnet og hvað sé best í þeim efnum. Þetta eru iðulega byrjendur sem óttast að velja eitthvað rangt í upphafi. Til þess að auðvelda mönnum að komast af stað hef ég tekið saman nokkrar þumalputtareglur, en eins og búast má við um slíkar reglur eru þær almennar og á þeim nokkrar undantekningar. Það eru jafnvel nokkrar þverstaður í þeim, en þeir sem eru á annari skoðun um einhverjar þeirra láta þá væntanlega í sér heyra og skíra mál sitt. Það ber að skoða þessa punkta sem leiðbeiningar til þess að komast af stað í rétta átt, fremur en nákvæmar leiðbeiningar um hvaðeina sem gera þarf.

1. Hvaða loftnet sem er, er betra en ekkert loftnet. Í stað þess að engjast í sálarangist yfir ákvörðunartöku um hvernig loftnet á að velja skaltu frekar koma einhverju upp og fara í loftið. Að stuttum tíma liðnum skírast svo í ljósi þess hvernig þú hagar fjarskiptunum hverskonar loftnetið hentar þér og þess vegna getur þú betur tekið ákvörðun um það hvernig næsta loftnet á að vera. Þú gætir tapað helmingnum af aflinu í tiltölulega lélegu loftneti og dottið niður um eins og eina S-einingu. Ég heyri í mörgum QRP stöðvum með S9. Það væri líka fínt QSO þótt þær væru S8. Ég er ekki að gera lítið úr góðum og efféktífum loftnetum, en það er líka hægt að komast af með þau sem eru lakari, amk. er það betra en ekkert loftnet og ekkert samband.
2. Loftnet sem eru hátt uppi eru yfirleitt betri en loftnet sem eru lágt yfir jörð. Vertikall er ábyggilega betri uppi á einbylshúsi en ef honum væri stíllt upp á lóðinni fyrir aftan hús. Dípóll sem er strengdur af 2-3m hárrí stöng á húsmæni er mun betri en ef hann væri bara festur í þakskeggið.
3. Flestir verða ánægðari með tiltölulega lágt upp settan dípól, en vertikal. Það þarf meiri natni til að fá vertikal til að virka rétt og svo getur jarðskautið vafist fyrir byrjendum.
4. Það skiptir ekki öllu hvernig koparvír er notaður í loftnet. Sver eða grannur, einangraður eða ber, margþættur eða heill, þetta virkar allt sæmilega. Engan mun sem finnst á þessum vírum þarf að setja í forgang. Gömlu formúluna: $150/\text{tíðni (í MHz)} * 0,95$, til að sníða hálfbylgju dípól, gæti þurft að aðlaga lítilla eftir efninu, en þetta er hvort sem er bara nálgun.
5. Við hvaða loftnet sem þú kemur þér upp og fæðir með sammiðja kapli skaltu nota 'choke balun'. Það kemur í veg fyrir að fæðilínan verði óvart hluti af loft-

netinu, sem veldur ómældum vandræðum. Það er hægt að velja um ýmsar útfærslur á því. Uppáhaldsútfærsla mín er undin upp úr sammiðja kapli. Því er lýst í handbókum, t.d. ARRL handbókinni og ARRL loftnetabókinni. Áttu þær ekki? Þá skaltu:

6. Fá þér ARRL handbókina og/eða loftnetabókina og stúderaðu þær. Loftnet breytast ekki mikið þannig að gömul eintök eru líka í fullu gildi.
7. Utanhússloftnet virka betur en innanhússloftnet. Ef þú getur ekki haft neitt nema inniloftnet, nú þá það, en reyndu allt til að koma loftnetinu út. Grannur vír sem jafnvel er ekki nema tommu frá húsvegg virkar betur þannig en ef hann væri innanhúss. Ef þú kemur vírs-potta út um glugga á annari hæð og fæðir hann á móti mótskauti færðu ágætis loftnet.
8. Ekki spara með lélegri fæðilínu. Góð tap lítill fæðilína kostar minna en loftnetið sem hún er fest við!
9. Flest eins bands loftnet má gera að fjölbanda netum með því að fæða þau með ballanseruðum fæðilínum í stað sammiðja (kóax), og nota loftnetsaðlögunartæki (tjúner). Það á bæði við um lúppur og dípóla.
10. Ef þú mátt ekki setja upp loftnet vegna skipulags eða húsfélagssamþykka skaltu hugleiða bráðabirgðaloftnet. Það tekur bara sekúndur að setja saman veiðistöng með vír, sem getur orðið að vertikal loftneti ef gætt er að mótskauti. Ef einhver kvartar, taktu þá stöngina strax niður og settu hana svo upp aftur þar sem hann sér hana ekki.
11. Hafðu í huga hvenær þú ætlar í loftið þegar þú velur loftnet. Ef þú getur bara verið að kvöldi til þá færðu ekki mikið út úr loftneti fyrir 10m þótt það sé sett himinhátt upp, því bandið er oftast dautt eftir sólsetur. Hins vegar fengirðu miklu meira út úr dípól fyrir 40m og gætir jafnvel notað hann á 15m að degi til líka.
12. Forðastu freistinguna að reyna að fá allt. Fjölbandaloftnet eru oft freistandi fyrir byrjendur. Það eru 'raffræðilega' lítill loftnet líka. En þetta eru í eðli sínu málamiðlunarnet og virka sjaldan eins vel og eins bands loftnet. Ég mæli með því að þú settir upp eins bands dípól og prófir hann um hríð. Þegar þú hefur áttað þig betur á möguleikum, og þörfum geturðu sett annað loftnet upp, eða fætt dípólinn með flatkapli fyrir notkun á fleiri böndum. Þú getur búið til ótrúlegt magn af dípólum fyrir það sem einn R-7000 kostar út úr búð!!
13. Heimasmíðuð loftnet eru betri en verksmíðjuframléidd. Spurðu hvern sem er sem hefur reynslu af loftnetssmíðum.

Ég vona að þetta komi að gagni og svo heyrumst við í loftinu.

Dr. Megacycle KK6MC/5

Að láta drauminn rætast frh.

öllum tíðnisviðum og bandbreiddin því betri sem tíðnin er hærri eins og á 10m, 6m og 2m. Fram aftur hlutfall er best á 2m, um 35dB, og fer minnkandi með lækkandi tíðnum og er orðið um 25dB á 20m. Armarnir á loftnetinu eru 4.2m (átta stykki) og fóru um 175m af harðdregnum sjö þátta 14AWG koparvír á herlegheitin. Loftnetið var tekið niður í hálfra hæð tvisvar áður en ég var orðinn ánægður með stillinguna. Ég er enn að venjast því að geta snúið loftneti til að fá sem besta móttöku eða setja “núllið” á sterka stöð til að losna við QRM sem er oft frá U.S.A. (United States of Amplifiers). “Hitt” loftnetið er Zepp fyrir 40m og nota ég það á 30m, 40m, 80m og jafnvel á 160m. Heildar kostnaður við allt saman verður leyndarmál af tillitsemi við XYL sem samþykkti framkvæmdirnar áður en af stað var farið.

Draumurinn er orðinn að veruleika.

73 de Niels TF3NJ/VE6NJK

E-mail: VE6NJK@rac.ca

3D2/C - Conway

SM6CAS, SM7PKK, SM0DJZ, OH1RY, TF3CW og G4EDG fara til Conway í apríl næsta ár. Þar verða þeir í þrjár vikur með fjórar stöðvar í gangi allan sólarhringinn. Fjárhagsáætlunin hljóðar uppá USD 45000 og óska leiðangursmenn eftir fjárhagslegum stuðningi frá DX klúbbum og einstaklingum. Enn er hægt að bæta við tveim þátttakendum. Orðrómur er á kreiki um Serbíska leiðangur til Conway í febrúar og ætla þeir líka að vera með fleiri stöðvar í gangi allan sólarhringinn. LA0BX (Heimild: OZ nóv. 2000)

Til sölu

**12v spennugjafi 20Amper lítið notaður
Upplýsingar veitir Rúnar TF3RJT 898-7201**

Til sölu

ICOM HF Transceiver IC-740, ICOM Receiver IC-R70, ICOM Auto Tuner IC AT500, ICOM Handstöð IC 02A2 VHF FM, YAESU Handstöð FT 23R VHF FM, YAESU FRT7700 Tuner (ónotaður), KENWOOD SWR & POWER METER SW2000, HEATHKIT UMATIC Keyer.

Sem sagt eitt stykki amatör stöð.

Upplýsingar veita:

**TF3GW tf3gw@amsat.org sími 864-0925
og TF5BW tf5bw@nett.is sími 895-2372**

Í þá gömlu góðu daga

Stefán Þórhallsson TF3S



Í QST blaði, sem ég fékk lánað hjá þér um daginn (Feb. 2000) var grein eftir K8PSV, en hann hafði sem ungur maður um tvítugt fengið vinnu hjá Collins Radio, sem var þá stórt nafn í amatör heiminum. Collins var þá með hina frægu transceiver línu A 75A-4 í gangi. Ég man að þá var þetta draumur allra amatöra að eignast svona tæki, en Því var nú ekki svo vel farið. Tækið var svo langt á undan öllu, sem til var þá (1956) og kostaði ca. \$500 og þá voru tollar tollar. Sennilega hefði enginn amatör fengið innflutnings leyfi þá.

Jæja þessi Joel var fátækur ameríku maður að byrja starf hjá Collins og þá var A-4 Að renna út úr verksmiðjunni. Hvað var svona framandi og nýtt í þessu tæki. Jú þar var að finna Bandpass tuningu í IF, sem var svo byltingarkennt að amatörar vissu lengi ekki hvað þetta var. Sér skynjarar fyrir SSB og AM, Q-multiplier Tee-brú, nýtt AVC, sem vann á SSB, nýr lág intermod. RF stig, truflanadeyfir fyrir SSB og innbyggður crystal Cal. Svo má ekki gleyma hinum merkilega Collins mecahanical filterum, en þeir voru fjórir í þessu tæki.

Þá komum við aftur að Joel. Hann hafði fengið vinnu á teiknistofu Collins, en varð fljótt fluttur yfir á tæknideild. Þar sparaði hann sér peninga og gat menntað sig betur, en draumurinn um að eignast A75A-4 ágerðist. Þá gátu starfsmenn eignast svona tæki fyrir minna fé en út úr búð, en þetta var samt einum og mikið fyrir Joel. Hann samdi við fyrirtækið um að fá componenta keypta eftir hendinni, en hann ætlaði sér að smíða tækið sjálfur. Hann byrjaði að kaupa teikningarnar og smátt og smátt tók tækið á sig mynd. Þetta tók sinn tíma og að lokum varð draumurinn að veruleika og tækið tilbúið. Það er varla hægt að gera sér í hugarlund stolts Joel þegar tækið stóð tilbúið á borðinu.

P.S. Þegar ég var ungur hafði ég aðgang að Philips amatörum í Eindhoven Hollandi. Þar hafði ungur verkfræðingur og amatör PA0UN smíðað magnaðan sendi, sem varð frægur um alla Evrópu.

Næst skrifa ég eitthvað um þetta ævintýri.

Kveðja TF3S

Úr ýmsum áttum

Brynjólfur Jónsson TF5BW



CQ's prestigious Worked All Zones award # 1 went to Ben, W2BXA, in July 1947.

Minnispeningur



Konunglega mintsáttan í Englandi er um þessar mundir að gefa út 2£ pening í minningu aldarafmælis sambands Marconi's yfir Atlantshafið. Sambandið var frá Poldhu í Cornwall til St John's á Nýfundnalandi í desember 1901.

Heimild RadCom

Eitt smáskref fyrir Amatörradíó.

Söguleg þáttaskil eru að verða í Amatörradíói þar sem Amatörradíó er hluti af Alþjóðageimstöðinni. Stöðinni hefur verið úthlutað eftirfarandi kallmerkjum. NA1SS til notkunar um borð, NN1SS til sambands við jörðina einnig RZ3DZR og DL0ISS. Öll tæki voru til staðar þegar áhöfnin mætti.

Heimild RadCom

Fyrir 200 árum...

gerði Alessandro Giuseppe Antonio Anastasio Volta (1745-1827) ákaflega þýðingar mikla uppgötvun. Honum hafði tekist að framleiða rafmagn með því að láta eir og zink snerta klæði, sem vætt var í sýru. Úr þessu varð voltasúlan og voltabíkarinn. Þetta var í fyrsta skipti sem mönnum tókst að framleiða jafnan og óslitinn straum sem var ómetanlegt fyrir allar framfarir í raffræði og efnagreiningu. Sagt er að þessi uppgötvun hans hafi breitt rafmagninu úr trúð í þjón.

Fyrir 150 árum...

var fyrsta símritunarstöðin opnuð í London og fyrsti sæstrengurinn lagður milli Dover og Calais.

Fyrir 100 árum...

í Bandaríkjunum reyndi Reginald Fessenden að nota neistasendi fyrir þráðlaust símasamband.

Fyrir 80 árum ...

fann bandaríkjamadurinn Edwin Howard Armstrong upp hásláttarviðtækið (superheterodyne receiver).

(Heimildir: "Hvers vegna - vegna þess" og aðrar góðar bækur)


73 de LA0BX

Spennuregulator fyrir GSM síma í bíl.

Byggið regulatorinn inn í gamla síma rafhlöðu og setjið hann á álplötu til kælingar.

Þegar þið viljið síðan nota síman utan bílsins þá liggur tilbúinn, fullhlaðin rafhlaða í hanskahólfinu.

Heimild LA5BQ/amatór radio



Fyrsti 10 metra endurvarpinn

Hefur verið samþykktur í Englandi. Kallmerkið er GB3CJ og tíðnirnar eru 29.540 og 29.640.

Heimild WorldRadio



Myndirnar hér að ofan eru frá heimsókn Ole Garpestad LA2RR til ÍRA. Ole Garpestad er formaður NRAU og IARU/NRAU tengiliður fyrir NRRL. Myndirnar tók TF3KB.

Myndin neðst til hliðar er af nýju loftneti fyrir Tóta á Vaðlaheiði. Sigurður Harðarson TF3WST setti loftnetið upp og TF3S, TF3GW og TF5BW lögðu í það nýjan Kapal. Myndina tók TF5BW.

Næsta CQ TF kemur út í byrjun Febrúar 2001, hafi ritstjóra borist eitthvert efni til birtingar.

